

## MINNISBLAÐ


**Viðtakandi:** Fjárlaganefnd Alþingis  
**Sendandi:** Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, skrifstofa fjárlaga og rekstrar.  
**Dagsetning:** 16.11.2023  
**Efni:** Aukinn kostnaður vegna þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd

Heildarfjöldi umsækjenda um alþjóðlega vernd á þessu ári er nú kominn í 3.758 einstaklinga m.v. 16. nóvember. Fjöldinn í árslok stefnir í 4.200 – 4.500 manns.

Samkvæmt Vinnumálastofnun (VMST) er áætlað að heildarkostnaður vegna þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd verði 9,74 ma.kr. á árinu. Viðbótarfjárför er því 6,6 ma.kr. Þegar tillaga um viðbótarfjárveitingu í fjárukalagafrumvarpi ársins var lögð fram þá var áætluð fjárvöntun 6.330 m.kr. Í millitíðinni hefur endurmat á útgjöldum fjárlagaliðarins hækkað um 285 m.kr.

Umsækjendur eru að í lengjast lengur í úrræðum VMST og sveitarfélög hafa ekki getað tekið á móti eins mörgum umsækjendum og vonir stóðu til. Einnig hefur málshraði umsókna um vernd hjá Útlendingastofnun og afgreiðsla kærunefndar útlendingamála umtalsverð áhrif á þann fjölda sem er í þjónustu VMST hverju sinni og þá tilheyrandi kostnað sem af því hlýst. Því er um ákveðinn fráflæðisvanda að ræða úr úrræðum VMST.

Nýlegar breytingar á lögum um útlendinga ásamt breyttu mati Útlendingastofnunar á aðstæðum í Venesúela mun væntanlega hægja eitthvað á fjölda umsækjenda seinni hluta ársins. Hins vegar er ekki að sjá neina breytingu á útstreymi umsækjenda úr þjónustu VMST ennþá og gerir VMST ráð fyrir því að það muni taka einhvern tíma að birtast í þeirra tölum. Vegna tafa í málsmeðferð og uppsafnaðs fjölda umsækjenda sem bíður afgreiðslu hjá Útlendingastofnun þá má gera ráð fyrir kostnaðarauka hjá VMST við að þjónusta umsækjendur vegna þessa. Þessi áhrif munu að öllum líkindum vara út árið 2023.



### **Útgjöld 2023**

Í meðfylgjandi útgjaldayfirliti frá VMST er tiltekinn heildarkostnaður vegna þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Inn í þessum tölum er einnig allur launa- og rekstrarkostnaður við að veita þjónustuna. Meðalkostnaður á mánuði, að öllu meðtöldu, per umsækjanda er ríflega 300 þúsund krónur. Meðalkostnaður á dag er um 10 þúsund krónur.

### **Horfur 2024**

Spá um fjölda umsækjenda fyrir 2024 frá Útlendingastofnun liggur ekki fyrir. Áætlanir VMST um umfang þjónustu við umsækjendur hafa tekið mið af því. Eins og staðan er núna þá verður að gera ráð fyrir því að staðan á næsta ári verði svipuð og í ár. Þó er ljóst að mjög erfitt er að áætla fjölda umsókna um vernd fram í tímann og tilheyrandi kostnað.

Áætlun um fjölda nýrra umsækjenda segir ekki alla söguna varðandi hugsanlegan kostnað. Málsmeðferðartími umsókna hjá ÚTL og Kærunefnd útlendingamála hefur áhrif á dvalartíma umsækjenda í úrræðum VMST. Eftir því sem málsmeðferðartíminn er lengri því meiri þjónustu þarf VMST að veita á umsóknartíma með tilheyrandi kostnaði. Ef aukinn kraftur er settur í málsmeðferðarhlutann hjá Útlendingastofnun og kærunefnd útlendingamála þá mun það skila sér í styttri dvalartíma umsækjenda í úrræðum VMST og þá lægri kostnaði.

## 07-325 Umsækjendur um alþjóðlega vernd

m.kr.	Ríkis reikningur 2022	Fjárlög 2023	Útgjöld jan-sep 2023	Áætluð útgjöld 2023	Fjárlagafrv. 2024
07-325 Umsækjendur um alþjóðlega vernd	4.743,7	3.190,2	7.140,8	9.740,1	8.249,0

### Útgjaldayfirlit fjárlagaliðar 07-325 Umsækjendur um alþjóðlega vernd

2023	Raun									Áætlun			SAMTALS	
	Jan	Feb	Mar	Apr	Mai	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des		
Laun og laumatengd gjöld	17.351.553	20.170.189	18.932.705	25.177.539	31.199.275	28.899.932	26.089.612	25.541.849	22.267.538	30.358.509	30.358.509	30.358.509	306.705.719	3%
Greiðslur til umsækjenda	67.130.597	63.593.310	73.865.844	82.075.662	105.861.120	79.435.072	86.087.082	109.711.294	86.089.108	109.977.888	90.000.000	115.000.000	1.068.826.977	11%
Ferðir og fundir (samgöngur og akstur)	24.506.045	26.216.881	18.951.943	20.028.416	32.825.269	22.427.306	21.782.001	29.980.514	25.639.910	18.319.010	17.836.000	21.336.000	279.849.295	3%
Rekstrarvörur	21.694.013	22.853.465	20.415.594	55.582.558	15.935.196	13.565.534	15.448.107	11.106.839	26.986.808	12.500.000	11.000.000	14.180.000	241.268.114	2%
Aðkeypt þjónusta	419.695.432	381.911.876	345.656.528	563.866.394	451.456.796	552.057.590	545.198.005	501.695.642	509.870.013	470.903.530	470.903.530	601.376.041	5.814.591.377	60%
Húsnæði	101.772.425	120.495.189	140.766.863	178.879.940	173.571.945	194.008.693	176.989.853	201.153.824	185.829.212	186.833.632	183.684.534	184.240.929	2.028.227.039	21%
Bifreiðar og vélar	32.011	13.315	43.314	27.636	17.620	56.168	3.564	25.151	211.907	44.000	44.000	44.000	562.686	0%
Rekstrarkostnaður	39.000		960	10.304						5.000	5.000	5.000	65.264	0%
<b>Samtals</b>	<b>652.221.076</b>	<b>635.254.225</b>	<b>618.633.751</b>	<b>925.648.449</b>	<b>810.867.221</b>	<b>890.450.295</b>	<b>871.598.224</b>	<b>879.215.113</b>	<b>856.894.496</b>	<b>828.941.569</b>	<b>803.831.573</b>	<b>966.540.479</b>	<b>9.740.096.471</b>	

Fjöldi umsækjenda á framfærslu	Jan	Feb	Mar	Apr	Mai	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des	Meðaltal
VMST	1.547	1.693	1.952	2.163	2.327	2.339	2.383	2.364	2.318	2.434	2.580	2.735	2.236
Sveitarfélögin - skv. samningi	400	400	400	400	400	480	480	480	480	480	480	480	447
<b>Samtals</b>	<b>1.947</b>	<b>2.093</b>	<b>2.352</b>	<b>2.563</b>	<b>2.727</b>	<b>2.819</b>	<b>2.863</b>	<b>2.844</b>	<b>2.798</b>	<b>2.914</b>	<b>3.060</b>	<b>3.215</b>	<b>2.683</b>
Meðalkostnaður pr umsækjanda pr mánuð	334.988	303.550	262.997	361.123	297.370	315.875	304.488	309.191	306.253	284.478	262.696	300.660	303.639
Meðalkostnaður pr umsækjanda pr dag	11.166	10.118	8.767	12.037	9.912	10.529	10.150	10.306	10.208	9.483	8.757	10.022	10.121

### Sundurliðun á aðkeyptri þjónustu

Aðkeypt þjónusta 2023	Raun	Áætlun	SAMTALS	
	jan-sep	okt-nóv		
Heilbrigðisþjónusta	479.722.024	253.892.511	733.614.535	13%
Öryggisgæsla í búsetuúrræðum	1.800.538.911	675.000.000	2.475.538.911	43%
Samningar við sveitarfélög*	1.524.406.143	514.511.910	2.038.918.053	35%
Rauði krossinn	188.477.304	19.500.000	207.977.304	4%
Þýðendur og tólkar	6.561.017	2.940.000	9.501.017	0%
Ræsting	116.319.331	42.000.000	158.319.331	3%
Hótelgisting	53.134.560	0	53.134.560	1%
Önnur sérfræðiþjónusta	44.429.024	18.000.000	62.429.024	1%
Annað	57.819.962	17.338.680	75.158.642	1%
<b>Samtals</b>	<b>4.271.408.276</b>	<b>1.543.183.101</b>	<b>5.814.591.377</b>	

\* Reykjavíkurborg, Hafnarfjörður, Reykjanesbær og Vestmannaeyjabær